



## Sýslumaðurinn á Vestfjörðum

### Staða skrifstofumanns á Ísafirði

Laus er til umsóknar staða þjónustufulltrúa hjá Sýslumanninum á Vestfjörðum á skrifstofu embættisins Ísafirði. Um fullt starf er að ræða. Umsækjandi þarf að geta hafið störf um miðjan september nk.

Helstu verkefni eru afgreiðsla, símsvörun, almenn skrifstofu- og ritarastörf og önnur tilfallandi verkefni sem embættið annast. Sjá má upplýsingar um helstu verkefni embættisins á vef sýslumanna, [www.syslumenn.is](http://www.syslumenn.is)

Óskað er eftir einstaklingi sem er skipulagður, býr yfir góðri almennri tölvufærni, íslensku-og enskukunnáttu. Nauðsynlegt er að umsækjandi sé jákvæður, þjónustulundaður, eigi gott með samskipti og geti unnið undir álagi.

Starfskjör fara eftir kjarasamningi ríkisins og SFR - Stéttarfélagi í almannaðjónustu.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um.

Umsókn fylgi náms-og starfsferilsskrá.

Frekari upplýsingar veita Jónas Guðmundsson, sýslumaður, netfang [jg@syslumenn.is](mailto:jg@syslumenn.is) og Helga Dóra Kristjánsdóttir, starfsmannastjóri, netfang [hdk@syslumenn.is](mailto:hdk@syslumenn.is), bæði s. 458 2400.

Umsóknir ásamt ferilsskrá skulu berast embættinu í síðasta lagi 2. september nk. í ofangreind netföng.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Umsókn getur gilt í 6 mánuði.

Embætti sýslumannsins á Vestfjörðum var stofnað við sameiningu fjögurra embætta sýslumanna á Vestfjörðum 1. janúar 2015 og er starfssvæði þess allir Vestfirðir. Starfsmenn eru 18 og skrifstofur þrjár.

Ísafirði, 9. ágúst 2019,  
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum,  
Jónas Guðmundsson.